



337. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 17. apríl 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Teams: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti.

Dagskrá:

1. Hjólað í vinnuna

Lagt fram minnisblað um verkefnið, sem hefst í byrjun maí og stendur yfir í þrjár vikur. Verkefnið verður með hefðbundnu sniði en í ár verður samstarf við UNICEF í formi hvatningar til fyrirtækja um að safna fé til góðra málefna í nafni fyrirtækisins í gegnum fjáröflunarsíður UNICEF.

Almennar umræður urðu um Hjólað í vinnuna og framtíð þess. Samþykkt að þetta væri í síðasta skipti sem ÍSí stendur fyrir verkefninu. Unnið verður að því að koma verkefninu i hendurnar á öðrum framkvæmdaraðila.

2. Drög að Grænbók í sjálfbært Ísland

Framkvæmdastjóri kynnti drög að Grænbók um sjálfbært Ísland.

3. Lýðheilsuverðlaun forseta Íslands

ÍSí er einn af samstarfsaðilum verkefnisins. Tilkynnt verður um verðlaunahafa fimmtudaginn 19. mars nk. á RÚV.

4. Viðurkenning íþróttagreina

Framkvæmdastjóri rifjaði upp umræður undanfarinna mánuða varðandi nýjar íþróttagreinar og niðrustöður vinnuhóps þar að lútandi. Fyrir liggja óskir um viðurkenningu á þremur íþróttagreinum; pílu, kickbox og muaytai.

Samþykkt að staðfesta pílu sem viðurkennda íþrótt innan vébanda ÍSí.

Afgreiðslu á kickbox og muaytai var frestað.

5. Samstarfshópur ráðuneytis vegna alþjóðasamnings um öryggi á íþróttaviðburðum

Framkvæmdastjóri skýrði frá erindi frá mennta- og barnamálaráðuneyti þar sem óskað er eftir tilnefningu frá ÍSí um einn fulltrúa í hópinn. Tilnefna þarf bæði karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Þóreyju Eddu Elísdóttur og Hafstein Pálsson af hálfu ÍSí.

6. Aðalfundur Íslenskrar getspár

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl nk. á Grand Hótel Reykjavík. Samþykkt að fulltrúar ÍSí í stjórn Getspár verði:

Aðalmenn: Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri,

Varamenn: Knútur G. Hauksson meðstjórnandi og Olga Bjarnadóttir meðstjórnandi.

Ofangreind verða fulltrúar ÍSí á aðalfundinum ásamt Andra Stefánssyni framkvæmdastjóri ÍSí.

7. Heiðranir

Knattspyrnufélagið Fram 115 ára:

Samþykkt að sæma Daða Guðmundsson og Reyni Stefánsson Silfurmerki ÍSí.

Samþykkt að sæma Jónu Hildi Bjarnadóttur Gullmerki ÍSí.

Íþróttabandalag Akraness:

Samþykkt að sæma Marellu Steinsdóttur, fyrrverandi formann ÍA, Gullmerki ÍSí.

8. Ýmis málefni og álitaefni úr hreyfingunni

Málefni þjálfara hafa verið mikið í umræðunni á miðlum landsins undanfarið. Þar hafa verið komið fram upplýsingar um meinta aðkomu ÍSí að máli handknattleiksþjálfara. Í umfjöllunum um málið er siendurtekið vísað til afgreiðslu ÍSí á málinu en ÍSí fékk málið aldrei inn á sitt borð í neinu formi. Málið virðist hafa verið sent inn til samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Margir virðast halda að samskiptaráðgjafi sé á vegum ÍSí, sem hann er ekki heldur er embættið á forræði mennta- og barnamálaráðuneytis.

Umræður urðu um það hvenær einstök mál eiga erindi inn á borð sérsambanda ÍSí og/eða ÍSí, úrræði við málum er varða siðareglur og möguleg brot á siðareglum.

Forseti skýrði frá því að álit væri væntanlegt varðandi ábyrgð sjálfboðaliða í starfi fyrir hreyfinguna.

9. Íþróttaping ÍSí

Rætt um undirbúning fyrir 76. Íþróttaping ÍSí.

Frestur til að tilkynna framboð til þeirra sjö sæta í framkvæmdastjórn ÍSí til næstu fjögurra ára rann út 14. apríl sl. Eftirfarandi tíu framboð bárust:

Daníel Jakobsson
Elsa Nielsen
Hafsteinn Pálsson
Hannes S. Jónsson
Hjördís Guðmundsdóttir
Hörður Oddfríðarson
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Olga Bjarnadóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Kjörnefnd hefur úrskurðað öll framboðin gild.

Farið yfir þær tillögur sem framkvæmdastjórn ÍSí hyggst leggja fyrir þingið. Senda þarf út síðara þingboð með öllum þingögnum tveimur vikum fyrir þingið eða 21. apríl nk.

Framkvæmdastjóri mun senda framkvæmdastjórn upp færð drög að tillögum til afgreiðslu þegar unnið hefur verið úr þeim viðbótum og lagfæringum sem fram komu á fundinum.

10. Fundargerðir

Fundargerð 337. fundar framkvæmdastjórnar samþykkt..

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 4. maí kl. 16:00.

13. Önnur mál

Afsögn formanns KKÍ

Lögð fram tilkynning frá Körfuknattleikssambandi Íslands þar sem fram kemur að formaður hafi sagt af sér og Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður tekið við formannsembættinu fram að næsta þingi árið 2025. Samhliða var nýjum formanni falið að staðfesta áframhaldandi ráðningarsamning við Hannes S. Jónsson sem framkvæmdastjóra sambandsins.

Umsýslugjald Ferðasjóðs Íþróttafélaga 2023

Samþykkt að umsýslugjald til ÍSÍ vegna Ferðasjóðs Íþróttafélaga verði 3 milljónir króna, líkt og fyrri ár, með tilvísun í heimild samnings við mennta- og barnamálaráðuneytis um framlag til sjóðsins.

Fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Framundan eru nokkrar afhendingar viðurkenninga til Fyrirmyndarfélaga ÍSÍ og Fyrirmyndardeilda ÍSÍ.

- Hestamannafélagið Hörður, 20. apríl nk.
- Umf. Afturelding, allar deildir félagsins og aðalstjórn, 27. apríl 2023.
- Umf. Selfoss, allar deildir félagsins og aðalstjórn, áætlað 27. apríl 2023.
- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, 4. maí 2023.

Fjarfundir með sambandsaðilum

Áætlað er að halda fjarfundi með sambandsaðilum í aðdraganda þingsins til að kynna fyrir þeim helstu málefni sem verða til umfjöllunar á þinginu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari